

HÚSÖNDIN

2.tbl.1.árg.
14.feb 2018

Fréttablað Mývatnssveitar
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA
15.- 21. FEBRÚAR 2018



- 15.2 SIGURÐUR BALDURSSON
16.2 ARNA HJÖRLEIFSDÓTTIR, KARL EMIL SVEINSSON,
MARÍON EDDA STEFÁNSDÓTTIR
18.2 GUNNAR HEIMIR HÓLMGEIRSSON,
GUNNAR BRAGI EINARSSON, ÍVAR HELGI EINARSSON
19.2 ÓLÖF HALLGRÍMSDÓTTIR,
ÓÐINN ÞÓR ÓSKARSSON, ÞÓRUNN SNÆBJÖRNSDÓTTIR
20.2 GUÐBRANDUR ARNGARÐUR HALLDÓRSSON,
21.2 KARL SIGÞÓR ÞORSTEINSSON,
KRISTÍN HÓLMGEIRSDÓTTIR
EDDA HRUND GUÐMUNDSDÓTTIR SKAGFIELD

KÆRU MÝVETNINGAR!

Við verðum þrítugar í vikunni og ætlum af því tilefni að halda afmælisveislu í Skjólbrekku á laugardagskvöldið. Eftir formleg veisluhöld mun DJ Hennri koma okkur í gírinn og spila tónlist fram á nótt. Okkur langar að bjóða ykkur að vera með í fjörinu og því eru allir velkomnir í Skjólbrekku eftir kl. 23. Ath. enginn bar ;)

Sjáumst þar!

Arna á Grænavatni og Ragnhildur á Gautlöndum



MENNINGARFÉLAGIÐ GJALLANDI KUNNGJÖRIR!



Aðalfundur félagsins fer fram fimmtudaginn 22.
febrúar næstkomandi í Skjólbrekku.

Fundurinn verður hefst kl. 20:00 en samhliða hefðbundnum
aðalfundarstörfum verður bókakvöld með „bókin á náttborðinu“
fyrirkomulagi. Við gerum þar ráð fyrir að hver og einn segi frá því
sem er verið að lesa þá stundina.

Dagskrá aðalfundar er þessi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og endurskoðenda/skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

Menningarfélagið Gjallandi leitar af áhugasömu fólki til setu í stjórn
en tilgangur félagsins er að efla menningarstarfsemi í Mývatnssveit.
Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

Að standa að menningar- og fræðslutengdum viðburðum.

Að virkja einstaklinga í skapandi starfi.

Að efla vitund um menningu og sögu.

Að styðja fræðasamfélagið í Mývatnssveit með fjölbreyttu samstarfi.

Að vera vettvangur félagsmanna til að afla styrkja og stuðnings við
menningartengd verkefni sem stjórn félagsins hefur samþykkt.

Við hvetjum sem flesta til að mæta, njóta samveru og íhuga hvort
áhugi sé til að leiða starfið.

Stjórn Menningarfélagsins Gjallanda.



AÐALFUNDUR MÝVETNINGS

Aðalfundur Mývetnings verður
haldinn þann 28. febrúar
næstkomandi klukkan 20:00

í Sel-hótel. Venjuleg aðalfundarstörf.

Við erum að leita að áhugafólki um skíði sem er til í að vera í skíðaráði til að rífa aftur upp skíðastarfi félagsins. Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á myvetningur@gmail.com eða hafið samband við Sigurbjörn Reyni (Bjössu) formann.

Vegna hækkunar á verði frá byrgja okkar þá þurfum við að hækka verðið á klósettpappírnum í 7500,- krónur frá og með mánaðarmótum febrúar – mars.

Hvetjum alla til að mæta á fundinn og hafa þar með áhrif á eflingu starfs félagsins.

Bestu kveðjur
Stjórn Mývetnings



KULNAR ELDUR NEMA KYNTUR SÉ





Rauði krossinn

Þingeyjarsýslu

Aðalfundur Rauða krossins í Þingeyjarsýslu verður haldinn á Sel-Hótel Mývatn, í Mývatnssveit kl 18 þriðjudaginn 6. mars 2018.

Rauða kross félagar eru hvattir til að mæta á fundinn og einnig eru nýir félagar velkomnir.

Dagskrá:

- a. Kosning fundarstjóra.
- b. Skýrsla/greinargerð um starf deildarinnar.
- c. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
- d. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun lögð fram.
- e. Innsendar tillögur.
- f. Kosning deildarstjórnar skv. 21. gr.
- g. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra.
- h. Önnur mál.

Stjórn Rauða krossins í Þingeyjarsýslu

Framvegis stundir þér stytta
við stórblað sem nú hefur sést
Húsönd sem deilt er frá Dittu
og dugar þér spái ég best.

Finnur Bald.



KÆRU LESENDUR OG VIÐSKIPTAVINIR

Ég þakka kærlega fyrir góðar ábendingar og hlýjar kveðjur frá ykkur. Annað tölublað Húsandarinnar kemur út næstkomandi miðvikudag, 21.febrúar. Blaðið kemur út á miðvikudögum. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl 14:00 á þriðjudögum.

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.

Ég er að prófa mig áfam með blaðið og eitt af því hef hef ákveðið er að bjóða auglýsendum að kaupa sinn fasta stað í blaðinu í nokkrar vikur í röð, t.d. smáauglýsingu. Það gæti t.d.

hentað þeim sem vilja minna á sig, á tilboð, opnunartíma, nýja þjónustu eða bara eitthvað jákvætt og skemmtlegt. Þið getið haft samband við mig í síma 849-2804 eða með tölvupósti husondin@gmail.com.

Kær kveðja, Arnþrúður



ATVINNA

Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Lyfja, óska eftir að ráða starfsmann í móttöku og afgreiðslu á heilsugæslustöðinni í Reykjahlíð.

Helstu verkefni og ábyrgð eru móttaka, tímabókanir, afgreiðsla, símsvörun, uppgjör og önnur tilfallandi störf.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslu, uppgjörum og almennri tölvuvinnu.

Lögð er áhersla á faglegan metnað, skipulögð vinnubrögð, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði. Íslenskukunnátta og almenn enskukunnátta er áskilin. Ekki er unnt að ráða fólk yngra en 18 ára.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Húsavíkur og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stofnanasamningi HSN. Starfshlutfall er 60% starf og er staðan laus frá 15.mars nk. Umsóknum skal skilað rafrænt á vefsíðu stofnunarinnar www.hsn.is undir flípanum Laus störf eða á www.starfatorg.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk.
Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Dagbjört Bjarnadóttir,
dagbjortb@hsn.is – sími 4640660 / 8607723

